

## Tilkynning um vanmerкта vöru

Kaupás, í samráði við Matvæla- og heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur, hefur innkallað Francesco Rinaldi Original pastasósu, strikanúmer 077644301329, vegna vanmerkingar. Í íslenskri innihaldslýsingu kemur það ekki fram að varan inniheldur mjólkurafurð. Með hliðsjón af neytendavernd hefur varan því verið tekin úr sölu í verslunum Krónunnar, Nóatúns og Kjarvals á meðan merkingar eru endurbættar. Þeir sem hafa keypt viðkomandi vöru taki þetta til athugunar og er boðið að skila vörunni í einhverri af framangreindum verslunum.

Beðist er velvirðingar á þeim óþægindum sem þetta kann að valda.